Alþingi
Erindi nr. Þ 141/951
komudagur 10.12.2012

**From:** Ragnheiður Héðinsdóttir
**Sent:** 10. desember 2012 15:18
**To:** 'helgih@althigi.is'; 'eygloha@althingi.is'; 'gudlaugurthor@althingi.is'; 'jb@althingi.is'; 'lrm@althingi.is'; 'magnusorri@althingi.is'; 'liljam@althingi.is'; 'petur@althingi.is'; 'skulih@althingi.is'
**Cc:** 'margrett@althingi.is'; 'arnithor@althingi.is'; 'birkir@althingi.is'; 'bjarniben@althingi.is'; 'bgs@althingi.is'; 'bjorngi@althingi.is'; 'jong@althingi.is'; 'ser@althingi.is'; 'sii@althingi.is'; Orri Hauksson; Bjarni Már Gylfason
**Subject:** Vegna fyrirspurnar formanns efnahags- og viðskiptanefndar á fundi 7. desember

Á fundi Efnahags- og viðskiptanefndar með hagsmunaaðilum föstudaginn 7. desember bað formaður nefndarinnar, Helgi Hjörvar, um álit viðstaddra á því að flytja tilteknar matvörur, einkum gosdrykki og sælgæti, milli virðisaukaskattsþrepa. Álit Samtaka iðnaðarins fer hér á eftir.

Það er stefna Samtaka iðnaðarins að samræma skuli alla skattheimtu af matvælum í einu þrepi virðisaukaskatts. Samtökin leggjast því alfarið gegn hugmyndum um að færa sum matvæli upp í efra þrep virðisaukaskatts. Fyrir því eru m.a. eftirtaldar ástæður:

1. Flokkun matvæla í ólík þrep virðisaukaskatts mismunar framleiðendum og vöruflokkum.
2. Ógerningur er að meta hvaða vörur eiga að fara í hvort þrep. Ef hugmyndin er að skilja á milli VSK þrepa eftir sykurinnihaldi koma upp ýmis vafaatriði. Margir safar og svaladrykkir innihalda jafnmikinn sykur og gosdrykkir. Þar að auki er sykurinnihald kolsýrðra drykkja afar breytilegt. Algengt sykurinnihald í súkkulaði er á bilinu 30-40%. Á markaði hérlendis er bæði morgunkorn og kex með um og yfir 40% sykur. Hvar á að draga mörkin?
3. Flokkun matvæla í ólík þrep virðisaukaskatts flækir framkvæmd og býður upp á undanskot, sérstaklega á minni sölustöðum og í veitingasölu. Á heitt súkkulaði að vera í hærra eða lægra skattþrepi? Hvað með konfekt með kaffinu? Fleiri dæmi væri hægt að taka.

Virðingarfyllst,

---

SAMTÖK IÐNAÐARINS / FEDERATION OF ICELANDIC INDUSTRIES
Ragnheiður Héðinsdóttir

ragnheidur@si.is - bs/dir +354 591 0117
-------------------------------------------
Borgartún 35 - 105 Reykjavík - Iceland
www.si.is - mottaka.si.is
Sími / tel. +354 591 0100 - fax +354 591 010